



Minnisblað

Til: Borgarráðs

Efni: Frumvarp að fjárhagsáætlun og uppfærð þjóðhagsspá Hagstofu Íslands

Frá: Sviðsstjóra fjármála- og áhættustýringarsviðs

Forsendur fjárhagsáætlunar 2023-2023 byggja á þjóðhagsspá Hagstofu Íslands sem birt var 27. júní sl. Þann 11. nóvember sl., birti Hagstofan uppfærða þjóðhagsspá um framvindu í efnahagsmálum næstu árin, sbr. eftirfarandi töflu:

Forsendur fjárhagsáætlunar og fimm ára áætlunar						
Breytingar milli ársmeðaltala %	2022	2023	2024	2025	2026	2027
Einkaneysla	7,6	1,7	2,2	2,6	2,6	2,4
Samneysla	1,5	0,9	1,3	0,8	0,7	0,9
Fjármunamyndun	5,8	1,8	3,7	2,0	2,2	1,4
Útflutningur vöru og þjónustu	19,1	3,7	3,6	3,2	3,0	2,5
Innflutningur vöru og þjónustu	16,9	3,2	3,2	2,1	2,3	1,9
Verg landsframleiðsla	6,2	1,8	2,5	2,5	2,4	2,1
Atvinnuleysi, % af vinnuafli	3,8	3,9	4,0	4,0	4,0	4,0
Vísitala neysliverðs	8,2	5,6	3,5	2,6	2,5	2,5
Gengisvísitala (hækkun = veiking krónu)	-3,9	-0,6	0,0	0,0	0,0	0,0
Próun launa	7,8	5,9	4,2	4,1	4,2	4,2

Taflan hér fyrir neðan sýnir frávik nýjustu þjóðhagsspár sem birt var þann 11. nóv. frá þeirri sem birt var í júní sl.

Breyting m.v. áður birtar forsendur fjárhagsáætlunar					
Breytingar milli ársmeðaltala %	2023	2024	2025	2026	2027
Einkaneysla	-0,9	-0,2	-0,2	-0,2	-0,1
Samneysla	-0,6	0,0	0,0	0,0	0,0
Fjármunamyndun	0,9	1,8	0,1	-0,6	-1,2
Útflutningur vöru og þjónustu	-2,6	-0,3	0,3	0,5	0,0
Innflutningur vöru og þjónustu	-0,9	-0,1	0,1	0,2	-0,2
Verg landsframleiðsla	-1,1	0,3	0,0	0,0	-0,2
Atvinnuleysi, % af vinnuafli	0,2	0,2	0,1	0,1	0,1
Vísitala neysliverðs	0,7	0,2	0,0	0,0	0,0
Gengisvísitala (hækkun = veiking krónu)	0,9	0,0	0,0	0,0	0,0
Próun launa	0,4	0,0	-0,1	0,1	0,1

Þeir þættir sem helst hafa áhrif á fjárhagsáætlun A-hluta fyrir árið 2023 tengjast verðlags- og launaþróun. Gert er ráð fyrir að vísitala neysluverðs hækki um 0,7%-stig frá síðustu spá Hagstofu og að launaþróun verði 0,4%-stig hærrí en áður var gert ráð fyrir. Þá hefur gengisþróun mikil áhrif á fjárhagsáætlun OR og þar með samstæðu Reykjavíkurborgar en í endurskoðaðri spá er spáð örlítið minni styrkingu krónunnar.

Hagvaxtarhorfur hafa batnað í ár en á móti er gert ráð fyrir minni hagvexti á næsta ári eða 1,8% í stað 2,9%. Vakin er athygli á því að forsenda um hagvöxt er ekki notuð með beinum hætti við gerð fjárhagsáætlunar. Forsenda um vinnumagn er metin af fjármála- og áhættustýringarsviði og þar er horft til atvinnuleysis, íbúafjölgunar og fjölda starfandi. Þegar vinnumarkaðsforsenda var ákveðin í haust var gert ráð fyrir að atvinnuleysi í Reykjavík verði orðið sambærilegt og það var árin 2018 og 2019. Nýja þjóðhagsspáin endurspeglar þetta og því er það mat fjármála- og áhættustýringarsviðs að ekki sé tilefni til breytinga á vinnumagnsforsendu við mat á útsvarstekjum.

Áhrif nýrrar verðlags- og launaþróunarspár á rekstur og sjóðstreymi A-hluta á árinu 2023 eru eftirfarandi:

1. **Verðbólga:** Almenn rekstrarútgjöld sviða og stofnana eru ekki verðbætt nema um sé að ræða samningsskuldbindingar. Þá er almennur rekstrarkostnaður grunnskóla verðbættur til samræmis við leikreglur grunnskólalíkansins. Að öðru leyti hefur verðbólga áhrif á gjaldfærslu lífeyrisskuldbindingar, útsvarstekjur og fjármagnslið Reykjavíkurborgar. Gjaldskrár vegna þjónustu voru leiðréttar á árinu 2022 til samræmis við þróun verðlags og munu svo hækka að jafnaði um 4,9% um áramót. Það er mat fjármála- og áhættustýringarsviðs að ekki sé tilefni til að endurskoða gjaldskrárforsendu.

Samkvæmt mati fjármála- og áhættustýringarsviðs leiða nýjar verðlagsforsendur til hækkunar á rekstrarniðurstöðu um **33 m.kr.** Frávikið má rekja til þess að gjaldfærsla lífeyrisskuldbindingar lækkar um 600 m.kr., fjármagnsgjöld hækka um 529 m.kr. og útsvarstekjur hækka um 45 m.kr. Þá má ætla að útgjöld borgarinnar verði hærrí sem nemur 83 m.kr. vegna hærri verðbóta á samningsskuldbindingar og dregur það úr framangreindum áhrifum.

Verðbólga hefur einnig áhrif á innri viðskipti, s.s. á húsnæðiskostnað (innri leigu) stofnana og sviða í Aðalsjóði sem tekjufærast í Eignasjóði, en þessi viðskipti hafa ekki áhrif á rekstrarniðurstöðu A-hluta.

Vakin er athygli á því að gjaldfærsla lífeyrisskuldbindingar og verðbætur eru reiknaðir liðir sem ekki hafa áhrif á sjóðstreymi A-hluta. Áhrif nýrrar verðlagsforsendu eru því neikvæð á handbært fé sem lækkar um **48 m.kr.**

2. **Launavísitala:** Endurskoðuð forsenda um launavísitölu hefur áhrif á útsvarstekjuspá borgarinnar, gjaldfærslu lífeyrisskuldbindingar og rekstrarútgjöld vegna samninga sem verðbættir eru með launavísitölu. Niðurstöður kjarasamningsviðræðna munu hafa áhrif á launaútgjöld borgarinnar 2023 en það er mat fjármála- og áhættustýringarsviðs að ekki sé tilefni til að endurskoða að sinni kostnaðarmat vegna væntra kjarasamninga.

Heildaráhrif af 0,4%-stig hærri launavísitölu á rekstrarniðurstöðu A-hluta eru metin **151 m.kr.** til lækkunar. Þar vegast á jákvæð áhrif vegna hækkunar útsvars og neikvæð áhrif vegna lækkunar gjaldfærslu lífeyrisskuldbindingar og hækkunar samningsskuldbindinga. Áhrif á handbært fé eru hins vegar **299 m.kr. til hækkunar.**

Samantekt

Heildaráhrif nýrrar þjóðhagsspár á rekstrarniðurstöðu A-hluta eru metin neikvæð um **118 m.kr** sem hefur í för með sér að rekstrarniðurstaðan lækkar úr -5.991 m.kr. í -6.109 m.kr. Heildaráhrifin á handbært fé A-hluta eru neikvæð um **251 m.kr.** og lækkar þannig handbært fé í árslok úr 10.950 m.kr. í 10.699 m.kr.

Það er mat fjármála- og áhættustýringarsviðs að tilefni sé til að taka tillit til breyttra forsenda um vísitölu neysliverðs og launavísitölu fyrir framangreinda liði og breyta fjárhagsáætlun A-hluta til samræmis. Fjárhagsáætlanir B-hluta fyrirtækja hafa ekki verið rýndar m.t.t. til þessa.



Halldóra Káradóttir

sviðsstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs